

Litið um öxl – Hagsmunir okkar félagsmanna eru fólgnir í lögvernduninni

Tímamótaákvörðun félagsmanna FP framundan – Reynslutíma Félags pípulagningameistara innan SI er að ljúka – Vilja félagsmenn vera innan Samtaka iðnaðarins eða standa fyrir utan – Rafræn kosning mun fara fram um málið í lok maí n.k.

Okkar hagsmunir eru lögverndun iðngreina og samhliða því hvílir sú ábyrgð á okkur að standa vörð um fagið okkar og passa upp á að ófaglærðir séu ekki að brjóta lög í landinu með því að reka fyrirtæki í atvinnuskyni í lögverndaðri iðngrein án meistara í forsvari. Neytendur verða að geta treyst því að kerfið okkar virki og að í landinu ríki neytendavernd. Alltof mörg dæmi eru um að neytendur hafi verið blekktir af aðilum sem hafa verið að villa á sér heimildir með því að taka að sér verkefni með litla sem enga kunnáttu né þekkingu á umfanginu. Neytendur sitja síðan uppi með tjónið og hinir réttindalausnir farnir af stað í næstu verkefni með slóðina á eftir sér og til verða ný fórnarlömb.

– Sjá framhald greinarinnar á bls. 5.



Böðvar Ingvi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara.

Bína og Katla smíða Mælagrind fyrir BYKO á Verk & Vit



Þær voru hressar og kátar, Bína Hrönn og Katla Líf þar sem þær unnu að því að smíða Mælagrind fyrir BYKO sem sýnd verður á stórsýningunni Verk og vit, en sýn-

ingin var einmitt í fullum undirbúningi um það bil sem Fréttapíp var að klárast fyrir prentun. Þarna er um að ræða smíði á Mælagrind sem tekur mjög lítið pláss og fer vel upp á vegg. Bína Hrönn og Katla Líf eru báðar stúdentar frá Kvennaskólanum og eru nú í námi Tækniskólanum að læra Pípulagnir.

Tækniskólinn verður með nemendur á Verk og vit í Pípulögnum og Múrverki.

Á myndinni til hægri má sjá Mælagrindina fullskapaða.



Viðburðarríkt & skemmtilegt starfsár að baki

– Sjá grein á bls. 4

Danfoss sérsmiðar tengigrindur eftir teikningum

– Sjá grein á bls. 11



HVER SEM HUGMYNDIN ER, ÞÁ GERUM VIÐ ÞETTA SAMAN


BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

PULSANTE DEVIATORE
PUI-DIVERTER BUTTON

APERTURA CHIUSURA FLUSSO
ÖPNING CLOSING FLOW

REGOLAZIONE
TEMPERATURA
temperature regulation



Ítölsk gæði
sem endast

Síðumúli 16-18 – 108 Reykjavík – Sími 588 73 32 – ht.is
Mánud.-föstud. 9-17 – Laugard. 11-14 – Sunnud. lokað

Gleði og gaman á glæsilegu Þorrablóti Lagna- deildar BYKO á Grandatröð 4, Hfn 9. febrúar s.l. - Myndirnar segja þér alla söguna



**Hágæða
vinnuföt
í miklu úrvali**
Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Snickers
WORKWEAR

DUNDERDON

Mikið úrval af öryggisvörum

LIVEX | MILLER | CYCLO | THE BEARD | HILTI | HILTI

Nú fást **Snickers** vinnuföt í **BYKO** Verkferi og festingar

HAGI ehf | Síðehöfuá 27 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI

Fréttarit og kynningarblað Félags pipulagningameistara. Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.





MÜPRO
EINFALT
FESTINGAKERFI
 Ryðfríar brautir og rörafestingar

Sjáðu nánar á loft.is

Röraklemmur Brautarkjálkar Brautarfestingar Brautir 2-6 m.

LOFT&RAFTÆKI | Vatnsorka | Hjallabrekka 1 - Dalbrekkumegin | S: 564 3000

KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ

TYROLIT kjarnaborar

TYROLIT steinsagarblöð

TYROLIT DME20PU kjarnaborvél, 180mm

TYROLIT DME33UW kjarnaborvél.

TYROLIT WSE1621 veggisög, 23kW Sögunardýpt: 70cm

TYROLIT FSG513P gölfsög, Sögunardýpt: 19,5cm

MHG VERCUN

Vikurhvarfi 8 - 203 Kópavogi Sími 544 4656 - mhg.is

DÆLUR Í FREMSTA GÆÐAFLOKKI

GRUNDFOS

GÆÐI • ÞJÓNUSTA • ÁBYRGÐ • ÞAÐ ER TENGI

www.tengi.is | Kópavogi ☎ 414 1000 | Akureyri ☎ 414 1050 | Selfossi ☎ 4141040

Viðburðaríkt og skemmtilegt starfsár að baki

Í kringum aðalfundi er alltaf gott að líta yfir farinn veg og verkefni liðandi starfsárs. Samstarf Samtaka iðnaðarins og FP hefur verið bæði lærdómsrík og skemmtileg á starfsárinu og gaman hefur verið að tengjast öflugum félagi FP enn frekar. Með inngöngu FP í SI voru líka öll starfandi meistarafélög í byggingar- og mannvirkjagerð á landinu komin saman í Meistaradeild Samtaka iðnaðarins, MSI. Með nýrri stefnu MSI og aðkomu FP er ljóst að spennandi tímar eru framundan þegar kemur að getu meistarafélaganna til að koma mikilvægum áhersluatriðum iðnmeistarara og þörfum breytingum á framfæri.

Á starfsárinu fengu SI að vinna með FP að mörgum góðum og krefjandi verkefnum m.a. á sviði starfsumhverfa fyrirtækja, menntamál og ekki síst í tengslum við aðkomu félagsins að björgunaraðgerðum í Grindavík.

Starfsumhverfi fyrirtækja

Mikilvægt er að FP sé vel upplýst um þau mál sem unnið er að í greininni utan landssteinanna. FP tók því, ásamt Samtökum rafverktaka og SI, þátt í samstarfi samtaka pípuþingameistarara og rafverktaka á Norðurlöndunum, fyrst á Íslandi 2022 og svo í Finnlandi 2023. Góð tengsl hafa myndast við fulltrúa norrænu systursamtakanna sem leiddi meðal annars til þess að FP var boði að kynna sér starfsmál GCP Europe á haustfundi þeirra í Brussel sl. haust.

Kjarasamningar voru einnig undirritaðir milli SA og Samiðnar á starfsárinu og sátu þrjú fulltrúar FP í kjararáði iðnaðarins. Kjararáðið myndaði traust bakland fyrir samningafólk SA en markmiðið var að ná fram samningum sem næðu niður verðbólgunni og vöxtum. Við gerð kjarasamninganna var einnig undirritað sérstök bókun sem er í samræmi við áherslur FP í réttindamálum greinarinnar og ljóst er að spennandi vinna er framundan í þeim efnum. Markmiðið með bókuninni er að tryggja bætt starfsumhverfi og eftirlit í byggingar- og mannvirkjagerð og kemur þar fram að samningsaðilar, þ.e. Samiðn og SA, ásamt Samtökum iðnaðarins munu ráðast í greiningu og vinnslu á úrbótatillögum til að bæta umgjörð í byggingar- og mannvirkjagerð. Leggja samningsaðilar ríka áherslu á aðkomu ríkis, sveitarfélaga og eftirlitsstofnanna þeirra að þeirri vinnu svo unnt verði að ná fram sameiginlegum markmiðum og hrinda nauðsynlegum aðgerðum í framkvæmd.

Framundan er því endurskoðun og stefnumörkun þegar kemur að starfsumhverfi greinarinnar og lagðar verða fram tillögur að bættu eftirliti til að tryggja réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningi, lögum og reglum. Samningsaðilar munu í vinnu sinni leggja áherslu á bættu umgjörð í kringum eftirlit með réttindalausum á markaði og verndun löggildingar og bættu eftirliti með kennitölufлакki og svartri atvinnustarfsemi. FP mun þar spila stórt hlutverk í samstarfi við SI og SA. Á starfsárinu hafa SI sent fjölmörg erindi á meinta starfsemi réttindalausra fyrir hönd FP og í tilfellum þar sem ástæða hefur þótt vera til inngrips hafa kærur verið senda til lögreglu vegna brota á lögum um handiðnað. Það verklag verður áfram. Framundan er auk þess mikilvæg vinna við endurskoðun byggingarreglugerðarinnar en fulltrúi FP var tilnefndur af SI í vinnu starfshóps sem starfar við þá endurskoðun. FP hefur einnig stofnað nefnd sem mun aðstoða SI við að tryggja að hugað sé að þörfum pípara við endurskoðunina.

Menntamál og fræðsla til neytenda

FP og SI leggja ríka áherslu á menntamál í iðnaði og því hafa verið tekin upp mikilvæg mál tengd menntun á starfsárinu. Má þarf t.d. nefna að aðgangur að kvöldskólanum fyrir þá sem eru starfandi hjá iðnmeisturum var bættur á starfsárinu og fá þeir nú forgang við mat á umsóknum. Þá var einnig unnið að endurskoðun á meistaraskólanum eftir ábendingar frá FP sem hafa það að markmiði að tryggja bætt gæði námsins.

Á árinu gáfu FP og SI í samstarfi við Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu einnig út leiðbeiningar til neytenda í forvarnarskyni en þau fjalla um rétt viðbrögð við óvæntum atvikum til að fyrirbyggja eða lágmarka vatnstjón. Hafa þessar leiðbeiningar náð gróðarlegra mikilli dreifingu og var m.a. dreift af fjölmörgum

GREINARHÖFUNDAR:



Jóhanna Klara Stefánsdóttir
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI



Friðrik Á. Ólafsson
Viðskiptastjóri FP hjá SI

fjölmíðlum og viðbragsaðilum í tengslum við eldsumbrotnin á Reykjanesi þar sem félagsmenn FP spiluðu stórt hlutverk.

Færniþörf í greininni hefur einnig verið mikið í umræðunni. Nú er því hafin vinna við að kortleggja mannaflaþörf og nýliðun í greininni næstu árin. Í þeim tilgangi er búið að leggja skoðanakönnun fyrir félagsmenn FP og stefnt er að því að halda kynningarfund meðal félagsmanna á næstu mánuðum þar sem niðurstaðan úr vinnu SI verður kynnt. Þá er einnig unnið að greiningu á hagtölum greinarinnar og þær bornar saman við fyrirtæki sem eru eins og stendur utan FP.

Við hjá Samtökum iðnaðarins viljum nýta tækifærið og þakka fyrir skemmtilegt samstarf á starfsárinu og hlökkum til að takast á við spennandi samstarfsverkefni sem eru framundan.



NÝTT!

BOS GEYMSLUGÁMAR OG SKEMMUR

Hinir vinsælu BOS geymslugámar aftur fáanlegir á Íslandi. Léttir og fljótlegir í uppsetningu, tveir menn 5 mínútur. 10 ára ábyrgð á gámunum gegn tæringu. Auðveld uppsetning – engin þörf á verkfærum. Sýningargámar á staðnum. Þýsk gæðavara. Þjóðum einnig vöruskemmur af ýmsum stærðum frá BOS.

Hafðu samband
568 0100




Stólpi Gámar

GÁNASALA - & LEIGA - Óseyrarbraut 12 - 220 Hafnarfirði - Sími 568 0100 - www.stolpigamar.is

MD VÉLAR EHF

ÞENSLUTENGI - GÚMMÍ - STÁL - VEFUR - FYRIR SPRINKLERKERFI



MD VÉLAR EHF | VAGNHÖFÐA 12 | 110 REYKJAVÍK | S. 567 2800 | MDVELAR@MDVELAR.IS | WWW.MDVELAR.IS

Litið um öxl – Hagsmunir okkar félagsmanna eru fólgnir í lögvernduninni

– Framhald greinar af forsíðu

Það að standa vörð um fagið, menntunina, lögverndunina, er í okkar höndum. Það mun engin berjast fyrir okkar réttindum nema við sjálfir. Það að setja í hendurnar á öðrum að berjast fyrir okkur mun ekki skila tilætluðum árangri. Við sem höfum menntað okkur í faginu og aflað okkur þeirra réttinda sem til þarf til að mega taka að sér lögvernduð verkefni verðum að muna að á okkur hvílir mikil ábyrgð gagnvart neytendum. Neytendur verða að geta treyst því að við sínum fagmennsku í hvívetna. Það að líta framhá réttindalausum vinna við fagið okkar mun grafa undan okkur sjálfum og í flestum tilfellum koma niður á neytendum. Að því sögðu þá verðum við að átta okkur á því að það er enginn að fara að taka slaginn fyrir okkur nema við sjálfir. Fagið okkar er lífibrauðið okkar og öll okkar afkoma er undir því komin að standa vörð um okkar menntun. Við megum ekki láta sofandahátt villa um fyrir okkur. Baráttan okkar birtist á mörgum sviðum og má þar helst nefna starfssemi réttindalausra, eins og komið hefur fram, og gjaldfellingu á menntun okkar. Gjaldfellingin á menntun okkar birtist með aðkomu ferilbókarinnar þar sem engin lágmarkstími er á vinnustaðanáminu. Nemendur fylla bókina út sjálfir og skrá hæfni náð og fá síðan sinn meistarara til að samþykkja. Því miður hafa margir meistarar ekki tíma né þekkingu á vinnu við ferilbókina. Hér birtist ein af þeim baráttum sem við höfum verið að standa í varðandi gjaldfellingu á náminu okkar. Í síðustu kjarasamningum var það sett inn í kjarasamninginn að meistarar verða að hækka nemana í launum samhliða hæfni náð í ferilbókinni. Með þessu útspili er vonandi kominn hvati fyrir meistarara að vanda til verka og ekki síður vanda til verka þegar kemur að ferilbók nemans. Nemendur eiga rétt á því að þeim sé sinnt af kostgæfni og ferilbókin á að varða þá leið en ekki stytta námið. Í lok máf munum við í Félagi pípulagningameistara (FP) kjósa um framhaldið varðandi veru félagsins í Samtökum iðnaðarins (SI). Fyrir tveimur



Böðvar Ingi Guðbjartsson,
formaður
Félags
pípulagninga-
meistara.

árum kusum við um að ganga inn í SI til reynslu í tvö ár. SI eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi að þeirra sögn. Félagsmenn FP voru hvattir til að nýta sér þá þjónustu sem er innan SI til að efla sín fyrirtæki og við höfum látið á það reyna að fá þau með í okkar réttindabaráttu. Tvö ár til reynslu er svo sem ekki langur tími og eins og flestir kannast við er tíminn alltof fljótur að líða og vissulega þarf að skoða í hvaða samhengi hefur tíminn verið fljótur að líða.

Það er ómögulegt fyrir einn, eða nokkra menn, að segja af eða á með aðild FP að SI. Þess vegna verðum við í FP, þegar við kjósum um framhaldið, að vera vel upplýstir og taka vel ígrundaða ákvörðun um það hvort hagsmunum FP sé betur borgið innan eða utan SI. Við tökum þessa ákvörðun saman.

Ef félagsmenn kjósa að fara út þá mun það litlu máli skipta í stóra samhenginu. FP mun halda áfram að vera flottastir og þeir sem vilja vera innan SI geta sótt um að vera þar inni sem einstaklingar með sín fyrirtæki. Ef félagsmenn kjósa að vera áfram innan SI með félagið þá skapast meiri tími til að læra betur inn á hvernig hægt sé að nýta SI betur fyrir félagið. Það var alltaf vitað að SI myndi ekki gera hlutina fyrir okkur en þau myndu aðstoða okkur við þau verkefni sem við værum að takast á við ef við myndum biðja þau um þeirra aðkomu. Í því samhengi erum við vanir því að láta verkin tala og stökkva á málin en SI eru stór samtök þar sem hlutirnir þurfa meiri tíma og aðlögun þar sem gæta þarf að mörgum þáttum.

Tilgangur FP kemur skýrt fram í 3.gr. lögum félagsins: „Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal pípulagningameistara, stuðla að menningu og menntun stéttarinnar og gæta hagsmuna félagsmanna.”

Kæru félagar, við stöndum frammi fyrir stórrí ákvörðun þar sem við ætlum að kjósa um SI.

Ég hef sagt það áður og ætla að segja það aftur að ég er afar stoltur af þeim sem kusu gegn því að ganga inn í SI en fóru ekki út úr félaginu. Þessir félagar virtu lýðræðið og gáfu þessu tækifæri.

Í lok máf munum við kjósa rafrænt og ef félagsmenn kjósa að vera ekki með félagið innan SI munum við vera í SI út árið 2024.

Samstada – Hagsmunir – Sýnileiki. Kjörorð FP, sem var það sem kom út úr stefnumótun FP árið 2021. Við í FP erum í þessu saman til að efla samstöðuna okkar í milli þar sem við gætum okkar hagsmuna og við höfum verið sýnilegir út á við. Félagið hefur verið að auglýsa í útvarpinu og tekið þátt í keppnum þar sem við höfum haldið mót í iðn- og verkgreinum og sent ríkjandi Íslandsmeistarara í pípulögnum á EuroSkills.

Við höfum fengið jákvæða og góða umfjöllun varðandi aðkomu okkar að björgun verðmæta vegna eldumbrota á Reykjanesi sem Píparasveit Almannaárna. Við gáfum út í forvarnarskyni leiðbeiningar til húseigenda þar sem vakin er athygli á atriðum sem geta forðað vatnstjóni. Leiðbeiningarnar voru gefnar út í samvinnu við Samtök fjármálafyrirtækja og SI. Reynslan sýnir að það getur skipt miklu máli fyrir húseigendur að þekkja lagnakerfin sín ef það t.d. bílar eða fer að leka. Með því að þekkja kerfin sé mögulegt að fyrirbyggja eða takmarka tjón. Hægt er að nálgast þessar leiðbeiningar inn á vefnum okkar píparinn.is. Einnig gáfum við út ásamt Samtökum rafverktaka leiðbeiningar til fúa ef hitaveita bregst tímabundið og eru þær leiðbeiningar aðgengilegar inni á vef HS Veitna.

FP hefur með þessu gert sig gildandi í samfélaginu og við höfum sýnt fram á mikilvægi iðnmenntunar. Aðsókn í FP hefur verið góð undanfarnir ár og að mínu mati eiga allir pípulagningameistarar að vera í Félagi pípulagningameistara, FP, félagi sem berst fyrir hagsmunum pípulagningameistara.

Umhverfisvænn frostlögur fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

FERNOX
LÆTUR VATNIÐ VINNA



Hringás

Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is

Góð mæting á Framkvæmda- þingi Húsasmiðjunnar


Miðvikudaginn 21. mars s.l. bauð Húsasmiðjan til opins morgunverðarfundar í Kaldalóni Hörpu um stöðu og horfur á byggingamarkaði. Fagfólk, byggingaverktakar, arkitektar, verkfræðingar, fasteignasalar og aðrir framkvæmdaaðilar sem tengjast byggingariðnaði létu sig ekki vanta og var þétt setinn bekkurinn.

Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar flutti stutt ávarp og bauð gesti velkomna. Einar Þorsteinsson, borgarstjóri Reykjavíkur, ræddi um hröðun byggingaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Jón Bjarki Bentsson, aðalhaffræðingur Íslandsbanka ræddi horfur á fasteignamarkaði til 2026. Magna Þ. Guðmundsdóttir, arkitekt hjá Stika ræddi um vistvænni byggð. Elín Þórólfsdóttir, sérfræðingur í vistvænni mannvirkjagerð hjá HMS flutti erindi. Arnhildur Pálmadóttir, arkitekt hjá Lendager ræddi hringrás byggingarefna. Trausti Haralds-



son, framkvæmdastjóri Prósentis ræddi væntingar íbúðakaupenda.

Fundarstjóri var Emilía Borgþórsdóttir, verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála hjá Húsasmiðjunni.



Hitablásarar með sterkt element úr stáli sem þolir hitaveituvatn.

SABIANA Helios hitablásarar, 7-40 kW.
Vnr. 29500913-25



UMHVERFISVÆNNA BYGGINGAREFNI FYRIR MANNVIRKJAGERÐ

Við stefnum á kolefnishlutleysi í starfsemi okkar 2030 og kappkostum að bjóða umhverfisvænar lausnir fyrir íslenskan byggingariðnað.

bmvallá.is | Sími: 412 5050 | sala@bmvallá.is

Hvammshólar flytja inn og þjónusta skólphreinsilausnirnar frá GRAF í Þýskalandi

Sigurður Viggó Halldórsson, pípulagningameistari, hóf að bjóða skólphreinsilausnir á Íslandi frá GRAF árið 2015 – Vöxtur fyrirtækisins hefur verið stöðugur og mikil sérþekking hefur byggst upp til að standast vaxandi kröfur um vernd náttúrunnar

Frá því Sigurður Viggó Halldórsson pípulagningameistari hóf árið 2015 að flytja inn vörur frá þýska fyrirtækinu GRAF hafa Hvammshólar fest sig í sessi sem traustur samstarfsaðili þegar kemur að hreinsun á skólpi. Hvammshólar eru með umboð fyrir vörur GRAF á Íslandi og sinna allri þjónustu og viðhaldi en við erum í góðu sambandi við hönnuði og verkfræðistofur, pípara og jarðvegsvæðingara víða um landið. Innifalið í verði er að við keyrum vörurnar á verkstað innan við 120 km. frá Stór-Reykjavíkursvæðinu. Við teljum mikilvægt að vera í góðu sambandi við kaupendur því lærdómsríkt er fyrir okkur að spjalla við heimamenn, skoða aðstæður og stundum ræða um hentugan stað til niðurstæðingar. Vörurnar eru hagkvæmar í rekstri, verðið hagstætt og vöruúrvalið breytt og hentar breiðum hópi viðskiptavina. Vörurnar eru með allar viðurkenningar, t.d. PIA og CE vottun og eru framleiddar samkvæmt staðli EN 12566-1 og EN 12566-3.

Mest hefur verið selt af Graf ANAEROBIX rotþró með síu sem er yfir 90% loftfirt hreinsun fyrir 1-600 notendur. Þessi vara hentar notendum sem vilja ódýra lausn en mikla hreinsun. Þetta hreinsivirki sem hægt er að bæta við og stækka ef á þarf að halda vegna fjölgunar notenda. Minnstu einingarnar eru 1 tankur en þegar um fleiri notendur er að ræða eru tankarnir raðtengdir sem seyrtutankar, svífagnatankar og síutankar. Graf ANAEROBIX er nú að finna um allt land enda vinsælasta lausnin okkar vegna þess hve vel hún hreinsar og auðvelt er að tengja og setja niður, þar sem jarðvegsskipti og gröftur er minni en hjá hefðbundnum rotþróum sem þurfa siturlagnabeð. Í stað siturlagnabeðs er notast við siturgöng (drengöng) sem taka miklu minna pláss. Vinsældirnar felast einnig að stórum hluta í því að Graf ANAEROBIX er án rafmagns og því algerlega hljóðlaust.

Til að nefna einhver dæmi er Graf ANAEROBIX til dæmis að finna á Djúpa-

lónssandi og við fossinn Dynjanda en þau verkefni voru unnin í samstarfi við Umhverfisstofnun. Graf ANAEROBIX er að finna víða um land, til dæmis við Fosshótel Núpar austan við Kirkjubæjarslaustur, Hótel Reynevillir skammt frá Jökulsárlóni, Hótel Hamar í Borgarfirði, í Kerlingarfjöllum og við Staðarskála. Einnig má nefna að á Hornströndum má finna Graf ANAEROBIX. Ótalið eru þá rúmlega 900 hreinsivirki við heilsárs- og sumarhús víða um land.

Við bjóðum einnig upp á skólphreinsikerfi sem eru tölvustýrð og knúin með rafmagni sem gera það kleift að dæla síufeni í tankana og virkja með því örverur til hreinsunar. Ýmis aukabúnaður fæst frá Graf sem hægt er að „þrjóna“ við. Má þar telja búnað til lækunar köfnunarefnis, til aukinnar fosfórhreinsunar og/eda til að fækka gerlum í hreinsuðu frárennsli við útdælingu með UV geislu. Einnig fæst fjarstýrður eftirlitsbúnaður sem gefur upplýsingar um bilanir og stöðu, auk þess sem hægt er að bilanagreina og gera við með fjarrænum hætti. Skólphreinsikerfi frá GRAF er meðal annars að finna á Mývatni og við Þingvallavatn.

Graf One2clean skólphreinsikerfið er fyrir 5-50 notendur og hreinsar með lífrænum hætti allt að 99%. Lausnin hentar vel á þeim svæðum þar sem gerð er rík krafa um mikla hreinsun.

Stærst er Graf Klaro XXL skólphreinsikerfið fyrir 50-750 notendur sem hentar vel þar sem vatnsstaða er mjög há, á viðkvæmum vatnsverndar-svæðum, þar sem talin er þörf á meiri umhverfisvernd vegna viðkvæmrar náttúru eða dýralífs. Hreinsigeta Graf Klaro XXL er allt að 98% og fer hreinsunin fram með lífrænum hætti.

Hjá Hvammshólum má einnig fá hreinsivirki fyrir grávatn, fituskiljur, olíuskiljur og ofanvatnslausnir.



Fosshótel Núpar – Dreifibrunnur og siturlögn.



Frágangur – Seyrutankur er fremst á myndinni.



18 – Meistarablaðið

Smiðjuvegi 68 - 72 Kópavogi
Bolafæti 1 Reykjanesbæ

ÖRUGG FAGMENNSKA OG MEISTARALÖGGILDING Í PÍPU

 <p>E. VILJAR PÍPULAGNIR OG GAS</p> <p>Allar almennar gas- og pípulagnir Einstaklingar - Húsfélög - Fyrirtæki</p> <p>☎ 616 9611 ✉ eviljar@eviljar.is 🌐 www.eviljar.is</p>	 <p>HS pípulagnir ehf. Smíðjuvegur 4 200 Kópavogi GSM 894 0088 hspip@simnet.is</p>	 <p>Vatn og pipur ehf. Sigurður Úlfar Sigurðsson pípulagningameistari Torfufelli 27 - 111 Reykjavík GSM 788 0044 - vatnogpipur@gmail.com</p>
 <p>Villi pípari ehf GSM: 8240434 Örvasölum 24 - 201 Kópavogi - villi@villipipari.is</p>	 <p>Mjög lagnir ehf. Kópavogsbraut 62 200 Kópavogi GSM 661 3338 & 853 0273 mjoglagmir@gmail.com</p> <p>MJÖG LAGNIR</p>	 <p>H₂O LAGNIR Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ GSM 662 3235 - h2olagnir@h2olagnir.is</p>
 <p>GG LAGNIR ehf PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA stofnað 1988</p> <p>Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870 www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is</p>	 <p>Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari Almannakór 6 - 203 Kópavogi GSM 856 5525 - hjolli@lagnaafl.is</p>	 <p>PE PÍPULAGNIR FRAVEITULAGNIR.IS Marargrund 14 - 210 Garðabæ GSM 869 3441 pepipulagnir@gmail.com</p>
 <p>Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn Sími 478 2099 - GSM. 861 0291 kromoghvitt@simnet.is</p>	 <p>PÍPULAGNIR Fagmennska - Færni - Frumkvæði srr@iav.is - GSM: 660 6201</p>	 <p>S.O.S. lagnir ehf. S.Ó.S. lagnir ehf. Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sos@soslagmir.is GSM 693 9000</p>
 <p>Lagnalist ehf. Skógarási 6 - 110 Reykjavík GSM 898 0517 lagnalist@gmail.com</p>	 <p>Bubbi Pípari ehf. Lyngbergi 23 - 221 Hafnarfirði GSM 897 7946 bubbipipari@simnet.is</p>	 <p>GSO PÍPULAGNIR Dalaland 6 - 108 Reykjavík GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is</p>
 <p>RENNSLI ehf. pípulagnir • sími 696 8054</p> <p>Akralind 1 - 201 Kópavogur GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is</p>	 <p>STOFNLAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA</p> <p>Stofnlagnir ehf. Vefarastræti 42 - 270 Mosfellsbæ GSM 660 0499 - wc@islandia.is</p>	 <p>AH pípulagnir ehf. - Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ - Sími 555 7012 - GSM. 822 7100 andres@pipulagnir.is</p>
 <p>HUSA LAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA</p> <p>Húsalagnir ehf. Pípulagningaþjónusta Gylfaflöt 20 - 112 Reykjavík GSM 893 3632 husalagnir@simnet.is</p>	 <p>Pípulagna VERKTAKAR ehf Miðhrauni 18 - 210 Garðabæ pv.is - pv@pv.is</p>	 <p>SB Pípulagnir ehf pípulagnaþjónusta skipaþjónusta</p> <p>Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870 Netfang stefanbr@simnet.is</p>
 <p>Tröllalagnir ehf. Jón Auðunn Sigurjónsson pípulagningameistari Auðnukór 3 - 203 Kópavogur GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is</p>	 <p>PÍPULAGNIR SUÐURLANDS Háheiði 10 - 800 Selfossi - psud@psud.is GSM 699 1985 & 823 6656</p>	 <p>JBH PÍPULAGNIR Drekavellir 30 - 221 Hafnarfirði GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@gmail.com</p>
 <p>SP pípulagnir ehf. Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585 sigurdur.pipari@gmail.com</p>	 <p>MIÐSTÖÐIN Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf. Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar Sími 481 1475 midstodin@midstodin.is</p>	 <p>PRESS LAGNIR ehf Presslagnir ehf. Funafold 29 - 112 Reykjavík GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is</p>

Bládropi
Njarðvíkurbraut 12 - 260 Reykjanesbæ
bladropinn@gmail.com
GSM 846 4627

RÖRTÖNGIN
Löggiltur pípulagningameistari
Akraseli 3
109 Reykjavík
rortongin@gmail.com
GSM 846 1184

Lagnabræður ehf.
Blikaási 5 - 221 Hafnarfirði
GSM 663 7200
postur@lagnabraedur.is
Lagnabræður ehf

PÍPULAGNIR
Fosslagnir ehf.
„Getum við aðstoðað“
Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi
GSM 894 1576 - fosslagnir@hotmail.com

Lagnabjónustan ehf
GSM 696 2311
Bráengi 4 - 816 Ölvus - asgeir@lagnir.is

Meistaralagnir ehf
Pípulagnir S: 893 9110
Bæjarflöt 8A - 112 Reykjavík
GSM: 893 9110 - meistaralagnir@gmail.com

GÓ PÍPULAGNIR
GÓ pípulagnir ehf.
Breiðagerði 8
108 Reykjavík
GSM 695 0170
otto@piparar.is

AÐALLAGNIR
pípulagningabjónusta
ADALLAGNIR ehf. -
Smíðjuvegi 58 - 200 Kópavogi
adallagnir@adallagnir.is
Sími 519 5757

J.Ó. Lagnir ehf
Fífuhjalli 17
200 Kópavogi
GSM: 897 4300
jolagnir@simnet.is

8616688
johannesgyllfi@icloud.com
Mylagnir Endurlagnir Viðhald
Ástandskönnun Skulpmyndavél Hitamyndavél Söfnun

Viðhaldslagnir ehf.
Svavar Örn Halldórsson
PÍPULAGNINGAMEISTARI
GSM 698 2247
vidhaldslagnir@gmail.com

Flugumýri 30 - Mosfellsbæ
GSM: 771 7100
sigurdur@kraftlagnir.is
KRAFTLAGNIR ehf.
pípulagningaverktakar

HITAVIRKNI EHF.
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
hitavirkni@hitavirkni.is
690 6192

AGS Pípulagnir
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Sölkugötu 2 - 270 Mosfellsbæ
GSM 834 8080
ags.pipulagnir@gmail.com

PÍPULAGNIR
SAMÚELS & KÁRA EHF

JOHNNY PÍPARI
Mávanesi 13 - 210 Garðabæ
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com

Víking lagnir
Víking Lagnir ehf
Vindakór 10-12 - 203 Kópavogi
GSM: 618 4131 vikinglagnir@gmail.com

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

GKÞJÓNUSTA
Kári Hilmarsson vélvirkja- & pípulagningameistari
Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi
GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
Kvísartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is

vatnsidnadur.net
- Gagnagrunnur
- Þekking
- Saga
vatnsidnadur@vatnsidnadur.net

TRAUSTAR BRUNNDÆLUR FYRIR HEIMILI OG IÐNAÐ



U3KS



MultiDrain



MultiFree

Set | Rör | Dælur | Tengistykki

Við tökum vel á móti þér að Klettagörðum 21
Sími: 480 2700 | Netfang: sala@set.is

Hetjur á Reykjanesi

Þegar eldsumbrotin í byrjun febrúar rufu lagnir og gerðu Reykjanesbæ heitavatnslausan fór af stað ótrúleg atburðarás þar sem hópur iðnaðarmanna vann hetjuleg afrek. Á Iðnþingi 2024 var sýnt myndband þar sem sagan er sögð.

Viðmælendur í myndbandinu eru Árni Pálsson hjá Stálsmiðj- unni Framtak, Ármann Garðarsson hjá Ístaki, Böðvar Ingi Guðbjartsson hjá Félagi pípulagningameistara, Hjálmur Sigurðsson hjá Ístaki, Jón Haukur Steingrímsson hjá Eflu, Sigurbjörn Ingvarsson hjá Ingileifi Jónssyni, Tómas Guðmundsson hjá TG Raf, og Þorfinnur Gunnlaugsson hjá Lagnaþjónustu Suðurnesja.

Myndbandið er framleitt af Aton.JL fyrir Samtök iðnaðarins. Leikstjóri er Atli Bollason. Óttar Ingi Þorbergsson sér um kvikmyndatöku og litastillingu. Stefán Arnar Alexanders- son sér um ljós. Atli Óskar Fjalarsen er framleiðandi. Birgir Páll Auðunsson sér um klippingu og Daði Birgisson um hljóðvinnslu. Myndefni af vettvangi er tekið af ýmsum aðilum sem unnu við aðgerðir í Grindavík og við Svartsengi. Drónaefni kemur frá Arnari Smára Þorvarðarsyni og efni úr vefmyndavélum eru frá Víkurfréttum og Ríkisútvarpinu. Viðtölin eru tekin í Northern Lights Inn.

Meðal annars er eftirtöldum lagnaþyrtækjum er þakkað í lok myndbandsins:

Aðallagnir - AH pípulagnir - Benni pípari - Borgarlagnir Brói pípari - Bubbi pípari - EB lagnir - Eðallagnir - Rennsli Eldfoss pípulagnir - Fanndalslagnir - Hreinar lagnir - Lands- lagnir - Lagnabræður - Lagnaleikni - Lagnameistarinn - OSN Langir - Lagnaþjónusta Suðurnesja - Lagnaþjónusta Þor- steins - Pípulagnir Samúels og Kára - Stofnlagnir - Meista- ralagnir - PE pípulagnir.

HRINGRÁS

ENDURVINNsla

Verðmæti í góðmálm- um og brotajárni

Nánar á www.hringras.is/verdskra

Verðskrá - Verð pr kg. án VSK/Price per kg. excl. VAT:

Ál (+ Álfelgur) / Aluminum	75-95 kr.
Ál -steypa 0 <= 2% járn / Aluminum cast	50 kr.
Ál svarf	40 kr.
Ál-kaplar / Aluminum cables	15 kr.
Prent-ál / Aluminum litho	125 kr.
Brotajárn flokkur #1-2 / Scrap metals 1st - 2nd grade	12 kr.
Brotajárn flokkur #3 (T.d. Spilliefnalaus bílflokk) / Scrap metals 3rd grade	10 kr.
Blý / Lead	115 kr.
Vatnskassa / Elements	30 kr.
Hjólbarðar / Tires (5 kr. ef við sækjum)	8 kr.
Kaplar / Cables	70 kr.
Hreinn kopar (Millberry) / Millberry copper	560 kr.
Kopar, eir / Copper	510 kr.
Látun, messing, brons / Brass	355 kr.
Rafgeymar / Car batteries	10 kr.
Rafmótorar / Electric motors	55 kr.
Ryðfrítt stál / Stainless steel	110 kr.
Ryðfrítt svarf	40 kr.
Zink / Zinc	80 kr.
Hvarfakútar pr stk./Catalytic converters, metið á staðnum, allt að	5.000 kr.

SKILMÁLAR OG LEIÐ BEINGAR:

Leitið magnþjónu. Seek offers for large quantities.
*Verð greitt fyrir efni sem er komið í port Hringrásar.
*Prices for materials delivered at our facilities.
Greitt fyrir dekk/brotajárn 100 kg. eða meira.
Payments for tires/scrap metals 100 kg. or more.

Varmaskiptar fyrir allar gerðir hita- og kælikerfa frá Danfoss á Ísland

Danfoss á Íslandi hefur sérhannað tengigrindur með varmaskiptum fyrir íslenskan markað um árabil, en varmaskiptar nýta orkuna úr hitaveituvatni til að hita vatn í lokuðum ofna-, gólfhita- eða snjóbræðslukerfum.

„Við bjóðum upp á sérhannaðar tengigrindur með varma-skíptum og öllum tilheyrandi stjórnbúnaði frá Danfoss. Þetta er tilbúin lausn sem hægt er að setja upp bæði í nýjar og eldri byggingar,“ segir Benedikt Ingvason, tæknileg-ur söluráðgjafi hjá Danfoss á Íslandi. Einnig getum við boðið sérsmíðaðar tengigrindur eftir óskum hvers og eins, samkvæmt teikningum frá hönnuði og er afgreiðslutíminn á þeim um það bil sex vikur frá verksmiðjunni okkar úti í Danmörku”

Varmaskiptirinn er tengdur við það kerfi sem fyrir er í húsinu. Í stað þess að hitaveituvatnið fari beint inn í kerfið, til dæmis í ofna eða gólfhitalagnir, þá nýtir varmaskiptirinn hitaveituvatnið til að hita vatn sem er í lokaðri hringrás í ofnunum eða gólfhitalögnunum. „Ávinningurinn er sá að ekki verða útfellingar inni í lögnunum og í ofnunum og því skemm-ist þetta síður“ segir hann. Þá hafa utanaðkomandi aðstæður minni áhrif á hitakerfið. „Þó unnið sé í götunni og lokað fyrir vatnið hefur það engin áhrif. Það myndast til dæmis ekki loft í ofnunum því kerfið er lokað og alltaf sama vatnið í því.“ Benedikt segir ástæðu þess að Danfoss á Íslandi hannaði tengigrind-urnar og lét framleiða hjá Danfoss úti vera þá að íslenski markaðurinn sé sérstakur. „Þau kerfi sem eru framleidd fyrir Evrópumarkað passa ekki hér. Úti eru stöðvar sem hita vatnið upp og það verður til hringrás. Vatnið kemur mjög heitt inn í húsið til dæmis um 90 gráður og er skilað heitu áfram, um 70 gráðum. Fólk borgar aðeins fyrir þá orku sem það notar. Hér er vatninu hent sem búið er að nota og því þurfum við að ná eins mikilli orku út úr vatn-inu og mögulegt er. Hér kemur það kannski inn í 75 gráðum og er hent út um 35 gráðu heitu,“ útskýrir Benedikt.

Hann segir jafnframt varmaskipta fyrir neysluvatn algera sníll. „Erlendis er það þannig að enginn byggir hús nema hafa

varmaskipti fyrir neysluvatn og þetta er að verða æ algeng-ara hér á landi,“ segir hann. Með slíkum varmaskipti er heita vatnið úr krönnunum í raun kalt vatn sem hefur verið hitað með hitaveituvatni í gegnum varmaskiptinn. Benedikt segir margt til bóta með þessari tækni. „Til dæmis er hægt að stilla niður hitann á vatninu svo enginn brenni sig. Þá er engin lykt af vatninu en hitaveitulyktin fer í marga. Stór kostur er að það verða engar útfellingar á sturtuklefum og glerið verður ekki matt og ljótt auk þess sem blöndunar-tækin fá ekki útfellingar og stíflast síður“, segir Benedikt að lokum.



Tengigrindurnar frá Danfoss eru seldar í lagnaverslunum um land allt.

Niðurföll

SJÁ NÁNAR Á LOFT.IS

Fyrir utan bílskúrinn, bílaplanið og skemmuna

Fyrir allar aðstæður

LOFT & RAFTAÆKI
Hjállabrekku 1 | Dalbrekkumegin | 200 Kópavogi | S: 5643000 | www.loft.is

BOSCH
Invented for life

**BLÁR BOSCH FÆST
Í FAGVERSLUN
BYKO SELHELLU**

BYKO
LEIGA

www.byko.is/leiga



Aukið öryggi með sýnileikafatnaði frá Snickers Workwear

HAGI ehf er rótróid innflutningsfyrirtæki sem þjónustað hefur íslenskan iðnað frá 1963 með innflutningi á byggingarvörum, festingum, vélum og verkfærum frá HILTI í Liechtenstein. Einnig hefur HAGI ehf sérhæft sig í sölu á viðurkenndum öryggisbúnaði, persónuhlífum og vinnufatnaði fyrir íslenskt atvinnulíf. Birgðir fyrirtækisins innihalda mikið úrval af vörum frá öllum virtustu vörumerkjum eins og Honeywell Safety Products. Honeywell er eitt af stærri fyrirtækjum í heiminum í dag og frá þeim höfum við til sölu allt sem viðkemur persónuhlífum og öryggisbúnaði, Snickers Workwear öryggisfatnað, Solidgear og Toeguard öryggisskó, sem og Scangrip vinnuljós í öllum stærðum og CLC vinnutöskur og verkfærabelti. Einnig Hellberg heymarhlifur, Uvex öryggisgleraugu og öryggishjálma og Miller fallvarnarbúnað svo eitthvað sé nefnd.

Snickers Workwear er einn þekktasti og virtasti framleiðandi vinnufatnaðar í heiminum í dag með um 50 ára reynslu. Snickers Workwear býður heildarlausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki eins og vinnubuxur, úlpur, peysur, boli, undirfatnað, flispeysur og annað til að auka öryggi og starfsánægju og vellíðan starfsfólks. Með mikilli aukningu á sýnileika öryggisfatnaði og öryggisvitund hafa fyrirtæki og einstaklingar orðið meira meðvítuð um öryggi á vinnustöðum og í fyrirtækjum. Að sjást og uppgötvast samstundis getur bjargað lífi í hættulegu vinnuumhverfi. Sýnileikafatnaður er mikilvægur hluti af persónuvernd þegar unnið er við litil birtuskilyrði. Snickers býður upp á fjölbreytt úrval af sýnileikafatnaði sem er bæði þægilegur og öruggur. Veldu Sýnileikafatnað sem mun hjálpa þér að skera þig úr þegar þú ert nálægt akbraut og við krefjandi aðstæður eða afþreyingu.

Vinnufatnaður fyrir konur: Kvenvinnufatnaðurinn okkar er sérstaklega hannaður fyrir kvenfólk af konum. Snickers Workwear býður upp á breitt úrval af vinnufatnaði fyrir konur, fánlegt í mörgum mismunandi stærðum til að tryggja sem best þægindi og öryggi. Dömvinnufatnaðurinn okkar inniheldur allt frá jökkum, buxum, bolum og peysum, bæði í venjulegum vinnufatnaði og einnig í sýnileikafatnaði. Vinnudagur krefst þægilegs og teygjanlegs vinnufatnaðar. Örugget og endingargott efni, hannað til að passa konum eru aðal kvenvinnufatnaðar okkar fyrir konur. Hvort sem þú þarft að finna hlýjan vetrarvinnufatnað, venjulegan vinnufatnað eða vel sniðnar kvenbuxur með hnéhlífum, þá finnur þú það hjá okkur. Þægilegar og öruggar vinnufatnaðar fyrir konur sem þurfa á því að halda, þægindi sem passa er það sem konur sækjast eftir.

Sýnileika vinnufatnaður – flokkar og öryggi: Vinnufatnaður með miklum sýnileika hjálpar til við að halda þér öruggum þegar þú vinnur í litilli birtu.

Snickers Workwear býður upp á mikið úrval af sýnilegum fatnaði til að tryggja að þú getir verið mjög sýnilegur á öllum árstíðum. Vöruvalið okkar inniheldur í sýnileikafatnaði, úlpur, buxur, smíðavesti, hettupeysur, stuttermabolir og fleira.

Öryggisflokkar: Sýnileikafatnaður er flokkaður í þrjá öryggisflokkka, byggt á sýnileikastigi sem krafa er gerð um. Stærðin á flikinni þinni getur haft áhrif á flokkunina þar sem stærri stærðir geta haft stærri sýnileg svæði. Til dæmis geta buxur verið annað hvort Class 1 eða Class 2, allt eftir stærð. Ef þú klæðist minni stærðum geturðu náð hærri öryggisflokk-un með því að sameina nokkrar flikur. Til að ná háum sýnileika Class 3 skaltu velja Class 3 jakka eða sameina 2 eða fleiri flikur að að fylla þær kröfur sem þarf í hverju tilviki. Allur okkar sýnileikafatnaður er með alþjóðlega stuðulinn EN ISO 20471

Gulur eða appelsínugulur háskýnisfatnaður? Gul fót hafa meiri ljóma og geta birst bjartari við erfiðar aðstæður. Fyrir mikinn sýnileika geta birtuskil verið jafn mikilvæg og birta. Til dæmis appelsínugult er betri andstæða við bakgrunn eins og snjó eða bláan himinn.

Hvernig á að klæðast High Vis vinnufatnaði? Vert er að hafa í huga þegar klæðs er sýnileikafatnaði: Renndu alltaf jakkanum þín-um með rennilás og lokaðu til að ná hámarks sýnileika - og til að draga úr hættu á að flækjast í einhverju. Því óhreinni sem flikin verður, því minni áhrif hefur hún. Haltu þess vegna fötunum þínum hreinum og fylgdu alltaf þvotta- og umhirðuleiðbeiningum á fötunum. Ekki bretta upp ermarnar eða breyta endurskinshlutum þar sem það getur haft mjög neikvæð áhrif á flokkaeinkun á fatnaðinum.

Ljósbogafatnaður: Einnig bjóðum við uppá Ljósbogafatnað sem er fyrir hita- og logavarnir sem þróað er fyrir orkugeirann. Boðið er upp á innbygðða hita- og logavörn, frábæra endingu, þægindi og eru með ströngum notkunar reglum. Fáðu frekari upplýsingar um hvernig á að vera öruggur í vinnufatnaði með háum sýnileika með að heimsækja okkur. Heimasíða okkar er hagi.is sem er með netverslun af bestu gerð. Við bjóðum upp á merkingar af bestu gerð í mörgum litum.

Frá HILTI bjóðum við meðal annars laserverkfæri, borvélar með og án höggs, brotvélar, batterisborvélar, kjarnaborvélar, slípirokka, skot- og gasbyssur, hjólsagir, sverðsagir og svo mætti lengi telja. Einnig frá HILTI höfum við úrval festinga fyrir stál og steypu, allskyns röraupphengjur og brautir fyrir pípara. Brunabættingar í miklu úrvali til að þetta göt milli eldvarnarhófa. Áhaldaleigan okkar býður upp á úrval tækja frá HILTI og leigjum við út flest þau verkfæri sem HILTI hefur á boðstólnum í sinni vörulínu í dag.



Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁL- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ

NÁNARI
UPPLÝSINGAR
Á IDAN.IS



IDAN
fræðslusetur
www.idan.is

Húsasmiðjan fær DBA verðlaunin fyrir verslun sína Akureyri

„DBA verðlaunin eru staðfesting á því að við erum á hárréttri leið,“ segir Magnús Magnússon markaðsstjóri Húsasmiðjunnar. Verslun Húsasmiðjunnar á Akureyri hefur fengið alþjóðlegu hönnunarverðlaunin „DBA Design Effectiveness Awards“ fyrir hönnun, útlit, sjónræna upplifun og notagildi. Samskonar verslun hefur verið opnuð á Selfossi.

Verslunin var hönnuð af breska hönnunarfyrirtækinu M WorldWide og eru verðlaunin mikil viðurkenning fyrir samstarf Húsasmiðjunnar og M WorldWide.

„Heilt yfir er ekki mikill munur á Íslandi og öðrum löndum þegar kemur að smásölu. Ísland er vel þróaður markaður og hér er að finna sömu áskoranir og annars staðar. Markmiðið með nýrri hönnun verslana Húsasmiðjunnar og Blómavals er fyrst og fremst að auka upplifun, nútímavæða útlit og bæta þjónustu við viðskiptavinum.

DBA verðlaunin eru staðfesting á því að við erum alveg á hárréttri leið með verslanir okkar á Akureyri, Selfossi og ekki má gleyma nýrri og endurbættri Blómavalsverslun í Skútuvogi í Reykjavík.

Móttökur viðskiptavina hafa svo úrslitaáhrif og satt best að segja hafa viðtöknar farið langt fram úr væntingum,“ segir Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar um Verslun Húsasmiðjunnar á Akureyri. Samskonar verslun hefur verið opnuð á Selfossi.

„Það skiptir okkur miklu máli að viðskiptavinum okkar líði vel í verslunum okkar og við hönnun verslunarinnar á Akureyri var einmitt horft til þess að uppsetning, útlit, sjónræn áhrif og notagildi væri í fyrirrúmi,“ segir Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri verslunar Húsasmiðjunnar á Akureyri.

„Við höfum orðið vör við mikla ánægju viðskiptavina okkar með verslunina og út frá þessari stórglæsilegu hönnun getum við ekki einungis veitt betri þjónustu, heldur jafnframt betra úrval.“ Starfsfólk verslunar Húsasmiðjunnar á Akureyri fagnaði móttöku verðlaunanna.

Á myndinni til hægri er starfsfólk Húsasmiðjunnar á Akureyri að fagna glæsilegum áfanga.

Á neðri myndinni er svo Magnús Magnússon, markaðsstjóri Húsasmiðjunnar kampakátur með árangurinn.



DBA Design Effectiveness Awards má líkja við Óskarsverðlaun kvikmyndaheimsins og þykir það mikil upphefð að hljóta þau. Dæmt er út frá fjölda mismunandi þátta og er ekki einungis horft út frá teikningum og myndum, heldur einnig raunverulegu notagildi og útliti. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá því árið 1989.

Starfsfólk verslunar Húsasmiðjunnar á Akureyri fagnaði móttöku verðlaunanna og var því sett upp kynning á þeim við innganginn í verslunina. Ný verslun Húsasmiðjunnar á Selfossi byggir einmitt á sömu hönnun og því óhætt að segja að það sé verðlaunaverslun að auki.



IDAN
fræðslusetur

**ÁHUGAVERÐ
NÁMSKEIÐ**

Staðnám (fjarnám í boði)

Merking vinnusvæða

Byggingamenn: Þetta námskeið er ætlað verktök-um sem á einn eða annan hátt koma að undirbúningi og framkvæmd við vega- og gatnagerðarmannvirkji. Markmið þess er að kenna nemendum hönnun og útfærslu á merkingu fyrir almenna umferð í dreifbýli og þéttbýli vegna framkvæmda, þannig að merkingar þessar séu samræmdar, bæði gagnvart starfsmönnum á vinnustaðnum og vegfarendum.

Á námskeiðinu verður m.a. farið yfir lög og reglu-gerðir, flokkun vega og gatna, umferðarmerki, flokkun tegundir og umferðarstjórn. Einnig umgengisreglur, framkvæmd, ábyrgð og eftirlit og rammareglur um merkingar vinnusvæðis/framkvæmdasvæðis. Fjallað er um varnar- og merkingarþunað, ljósabúnað, merkjavagna, vinnutæki og öryggisbúnað. Einnig lagnavinnu, leyfisskyldar framkvæmdir á vegsvæðum og vinnustaðamerkingar á tveggja til sex akreina vegum og við staðbundna/hreyfanlega vinnu. Farið er yfir magntöku, kostnaðaráætlunir, gæðaúttektir og févítí. Í lok námskeiðs þreyta þátttakendur próf til réttinda.

KENNSLUDAGAR OG STAÐUR:

Mánudagur 6. má kl. 9-17. Háskólinn í Reykjavík.

Þriðjudagur 7. má kl. 9-17. Háskólinn í Reykjavík.

Miðvikudagur 8. má kl. 9-17. Háskólinn í Reykjavík.

Lengd námskeiðs: 24 klst. Kennari: Kennarar í Reykjavík.

KLÆDDU ÞIG VEL!

PEYSUR

JAKKAR

ÚLPUR

BUXUR

SKÓR

**VAÐSVIRKINN
VINNUFÓT**

WORKWEAR.IS

WORKWEAR.IS


Innréttingar & Tæki

komin í Síðumúlann 16-18



Innréttingar og Tæki fluttu nýverið sýningarsal sinn og verslun í nýtt húsnæði í Síðumúla 16-18. Þetta eru merk tímamót í starfsemi fyrirtækisins eftir 20 ára samfelldan rekstur í Ármúla 31. Á þessum tímamótum hefur ný kynslóð tekið við

rekstri fyrirtækisins úr hendi stofnandans. Eins og vænta má verða ýmsar áherslubreytingar í rekstrinum. Nýr sýningar-salur Innréttinga og Tækja ber þess glöggt merki. Áfram er lögð áhersla á gæði og góða hönnun og úrvalspjónustu fyrir pípulagningamenn, bygginga-verktaka og aðra sem leggja áherslu á að gera það herbergið að notalegu sælurými. Á myndinni hér til vinstri eru þau Philip Grétarsson og Íris Jensen í versluninni.



IDAN
fræðslusetur

ÁHUGAVERD
NÁMSKEIÐ

Staðnám (fjarnám í boði)

Raki og mygla í húsum 2

Byggingarmenn: Þetta er framhaldsnámskeið um raka og myglu í húsum. Æskilegt er að þátttakendur hafi setið fyrra námskeiðið Raki og mygla í húsum I. Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum. Farið er yfir aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Kynntar verða lauslega niðurstöður rannsókna vegna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Fjallað verður um enduruppbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum og bent á atriði til umhugsunar við notkun byggingarefna.

Þriðjudagur 23. Apríl. Kl. 13-19. Lengd 6 klst.

Kennarar: Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur og Benjamín Ingi Böðvarsson, byggingatæknifræðingur og húsasmiður.

IDAN fræðslusetur, Vatnagörðum.



Allt fyrir pípulagnirnar

Lagnadeild Fagmannaverslunar Húsasmiðjunnar

Hafðu samband við Stefán Jan varðandi ráðgjöf og tilboð.

Stefán Jan
Sölustjóri lagnaverslunar
stefanjan@husa.is - Sími: 664 3666



Vatn er velliðan með

GROHE

GROHE Phantom Black línan – GROHE hittir sannarlega í mark með nýju Phantom Black svartlökkuðu línunni. Einstaklega falleg og stílhrein hönnun vekur hvarvetna athygli og svarar glæsilega þeim kröfum sem gerðar eru í nútíma hönnun innanhúss. GROHE Phantom Black Professional býður uppá háþróaðan dekkri lit, sem tryggir góða endingu. Lökkunaraðferðin tryggir að allar vörur GROHE Phantom Black endast vel; þola betur tæringu, rispur, hnjask og upplitun.

Svo er Phantom Black línan einnig útbúin sérstakri vörn gegn flestum sýnilegum fingraförum. GROHE Phantom Black er því sérlega þægilegt í allri umgengni og auðvelt að halda hreinu.



GROHE Phantom Black
Einstaklega stílhrein og falleg hönnun!



HMS endurútgáfu RB-blöðin góðu

HMS hefur hafð aftur útgáfu á svokölluðum Rb-blöðum, sem eru tækni- og leiðbeiningarblöð um mannvirkjagerð. Í telfni endurútgáfu blaðanna mun HMS endurbirta eldri Rb-blöð mánaðarlega. Rb-blað mánaðarins núna var gefið út í júní árið 1995 og fjallar um viðhald á steypum húsum. Rb-blaðið **Viðhald steyptra húsa** varð fyrir valinu þar sem söl fer hækkandi og þá er gott að huga að viðhaldi og viðgerðum. Einnig er viðeigandi að velja umfjöllun um viðhald mannvirkja þar sem HMS opnaði fyrir stuttu vefsíðu um lífsferilsgreiningar og líftíma mannvirkja.

Löng og merk saga: Rb-blöðin eiga sér langa og merka sögu. Þau draga nafn sitt af Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins sem stofnuð var árið 1965, en fyrsta Rb-blaðið kom út árið 1973.

Um er að ræða tækni- og leiðbeiningarblöð fyrir almenning, húsbyggjendur, iðnaðarmenn og aðra sem koma að mannvirkjagerð og notkun þeirra. Blöðin eru yfirleitt stutt, en þau eru oftast tvær til sex blaðsíður hvert, þó eru einstaka útgáfur lengri. Þau byggja á norski og danski fyrirmynd um leiðbeiningarblöð og eru sum hver þýdd en löguð að íslenskum aðstæðum.

Í inngangi Rb-blaðsins **Viðhald steyptra húsa** er vísað í sérrit Rb. nr. 69 „Viðhald steyptra húsa“. Talsverður fjöldi sérrita var gefinn út samhliða útgáfu Rb-blaðanna. Sérritin eru alla jafna yfirgrípsmeiri og fræðilegri en Rb-blöðin. Mörg þessara sérrita er nú að finna á heimasíðu HMS. Dæmi um önnur sérrit eru Þakgerðir – ástandskönnun og olíumalarvegir, sem nálgast má með því að fara inn á heimasíðuna, hms.is.

Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur



Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fánægir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkar á alla brunna.

Fást í byggingavöruslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com

saeplast
HLUTI AF RPC GROUP

© Sæplast er skrásett vörumerki í eigu RPC GROUP

VATN & VEITUR

Komdu í stærstu vefverslun landsins fyrir vatnsveitu og pípulagnir

Smiðjuvegi 68-72
200 Kópavogi
Sími 575 9300

vatnogveitur.is
vatnogveitur@vatnogveitur.is



Tengigrindur af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **lokuð hitakerfi** híbýla með uppblöndun á framrás lokaða kerfisins.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, **gólfhita**, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss

FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVÉLAR

DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR | Sími: 510 5100
FÁLKINNISMAR.IS | IÐNVELAR.IS

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN
MEÐ SÉREIGNARSPARNADI

Kynntu þér málið á birta.is

Sundagöllum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is

BIRTA
LÍFVIRISÍÐBUR

ALLT TIL GATNAGERÐAR




Spindil-
hús



Niðurföll

Brunn-
lok



Hita-
veitu-
lok

Allar nánari upplýsingar
og pantanir á vörum
Járnsteypunnar, símar:
420 0300 & 660 0150

JÁRNSTEYPAN ehf.
Íðavellir 7b -
230 Reykjanesbæ

STOÐ OG STYTТА HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er
yðar hagur
að skipta við
fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

